

Stefna Landssambands ungmennafélaga

1. Samfélagsþátttaka ungs fólks

Landssamband ungmennafélaga (LUF) hefur verulegar áhyggjur af samfélagsþátttöku ungs fólks á Íslandi, skorti á upplýsingum um þá þátttöku og andvaraleysi stjórnvalda í þeim málaflokki. Upplýsingar um kosningaþátttöku voru teknar saman í fyrsta skipti eftir kosningarnar 2014 og kosningaþátttaka ungs fólks var þar sérstaklega slæm; aðeins 45% 18-19 ára ungmenna greiddu atkvæði og 42% ungs fólks á aldursbilinu 20-24. Samkvæmt rannsóknum fer kosningaþátttaka ungs fólks minnkandi og LUF telur að gefa þurfi því sérstakan gaum og grípa í taumana til að snúa þeirri þróun við. LUF sér lýðræði ekki einungs sem tegund af stjórnkerfi heldur er það lífssýn sem fólk verður að tileinka sér. Heilbriggt og sterkt lýðræði byggir á samræðu þar sem umræða getur fengið fólk til að skipta um skoðun og eytt fordómum.

1.1. Lýðræðisþátttaka ungs fólks og lækkun kosningaaldurs

LUF telur að lækka skuli kosningaaldur niður í 16 ára. Kosningarétturinn er lykilatriði í öllum/sérhverju lýðræðissamfélagi. Við 16 ára aldur byrja einstaklingar að greiða tekjuskatt, skólaskyldu lýkur og telur LUF því að ungu fólki sem treyst sé fyrir þeim ákvörðunum og skyldum eigi líka að vera treyst fyrir því að kjósa sína fulltrúa.

LUF hefur verulegar áhyggjur af dvínandi kosningaþátttöku ungs fólks. Sýnt hefur verið fram á að þeir sem nýta sér kosningaréttinn þegar þeir eru ungir eru líklegri til þess að gera það um alla ævi. Það er því nauðsynlegt að hvetja til aukinnar þátttöku ungs fólks í kosningum og virkja þau til þátttöku í samfélaginu.

Árangur stefnu skal mældur í kosningaþátttöku ungs fólks.

1.2. Lýðræðisleg borgaravitund

Það er mikilvægt að fræða ungt fólk um mikilvægi samfélagslegrar þátttöku og lýðræðisvitund. Fræðslan verður að byrja á grunnskólastigi og halda áfram í framhaldsskóla. Vill LUF standa fyrir skuggakosningum í samvinnu við stjórnvöld, samtök framhaldsskólanema og ungliðahreyfingar stjórnmalahreyfinga líkt og þekkist á öðrum Norðurlöndum.

2. Valdefling ungs fólks

Landssamband ungmennafélaga vill leggja áherslu á valdeflingu ungs fólks og að ungu fólki sé tryggt sæti við borðið þegar kemur að allri ákvörðunartöku, ekki bara

þegar kemur að málefnum þeirra.

2.1. Stjórnmalapátttaka

LUF vill sjá ungt fólk í auknum mæli á alþingi og í sveitastjórnnum landsins. Það hefur sýnt sig að Ísland er langt á eftir öðrum norðurlöndum þegar kemur að því að kjósa ungt fólk í áhrifastöður í samfélaginu s.s. á þjóðþing eða sveitastjórnir.

Það er mikilvægt svo hægt sé að virkja hið lýðræðislega samtal til fulls að allir eigi sæti við borðið, þar með talið ungt fólk.

Árangur stefnu skal mældur í hlutfalli ungs fólks meðal kjörinna fulltrúa.

2.2. Sjálfboðastarf

LUF skorar á frjáls félagasamtök að hleypa ungu fólki í auknum mæli að í stjórnir og aðrar áhrifastöður innan samtaka sinna. Ungt fólk er lykilinn að endurnýjun innan samtaka og því að nýjar hugmyndir fái að koma fram, ungt fólk hefur oft nýja og ferska sýn á málefni og geta því komið með nýtt sjónarhorn inn í starf félaga.

2.3. Atvinnuöguleikar

LUF vill sjá ungt fólk í auknum mæli í forystuhlutverki á vinnumarkaði. Viljum við sjá vinnumarkað sem ræktar hæfileika ungs fólks og leyfir nýjum hugmyndum þeirra að njóta sín. Tryggja þarf samkeppnishæfni íslenskra ungmenna á vinnumarkaði bæði heima og erlendis.

2.4. Mat á óformlegu námi

Ungmennafélög eru frábær vettvangur fyrir ungt fólk til þess að víkka út hæfileika sína, auka leiðtogafærni og lýðræðisvitund. Þrátt fyrir það er flest ungmennastarf ekki metið í framhalds- og háskólum. Landssamband ungmennafélaga vill hvetja Menntamálaráðuneytið til þess að hefja vinnu við að meta hvernig hægt sé að auðvelda ungu fólki að fá félagsstarf og samfélagsþátttöku metið inn í skóla. LUF vill enn fremur hvetja atvinnurekendur til þess að taka meira tillit til félagsstarfs og sjálfboðavinnu þegar kemur að ráðningum.

2.5. Samtvinnun mismunandi samfélagshópa

LUF hvetur þverpólitísk félög til að virkja ungt fólk innan sinna raða til að stofna sjálfstæð ungmennafélög sem geta sótt um aðild að LUF. Með þessum hætti verður hin margbreytilega rödd ungs fólks tryggð gagnvart opinberum aðilum og geta til að taka þátt í samfélaginu eflist.

2.6. „Ekkert um okkur, án okkar.“

LUF setur það sem skilyrði að allir hópar, einkum og sér í lagi minnihlutahópar sem eiga undir högg að sækja í samfélaginu hafi rödd innan alls starfs sem tengist þeirra málaflokki. Ekkert skal framkvæma eða ákveða án samráðs þeirra.

3. Sjálfstæð ungmennafélög

Þátttaka í félagasamtökum eflir leiðtogahæfni ungs fólks, vinnur gegn félagslegri einangrun og er vettvangur fyrir ungt fólk til að þroska hæfileika sína á ýmsum sviðum. Það er því nauðsynlegt að ríkið styðji vel við hagsmuna- og félagsstörf ungs fólks, bæði fjárhagslega og félagslega.

3.1. Hlutlaus útteiling styrkja

LUF telur að fjármögnun ungmennafélaga hafi hingað til stjórnast af áhugasviðum stjórnámálamanna sem leitt hafi til þess að gert hafi verið upp á milli áhugamála og hagsmuna ungs fólks. LUF leggur til að tekið verði upp hlutlaust kerfi að norskri forskrift þar sem öll ungmennafélög sem uppfylla ákveðnar kröfur fá fjármagn í hlutfalli við félagafjölda. Þar er einnig tekið tillit til kynjajafnvægis innan stjórnar og hlutfalls ungs fólks í stjórn- sem tryggir aðgöngu ungs fólks að ákvarðanatöku.

3.2. Rekstur tryggður - ekki bara verkefnapottar

LUF styður að sjálfsgöðu verkefnapotta, svo sem æskulýðssjóð en telur að hann þurfi að stækka enn frekar. Hins vegar hefur verið of mikil áhersla lögð á verkefnastyrki og LUF telur að mikilvægt sé að tryggja rekstur ungmennahreyfinga með rekstrarstyrkjum. Ennfremur er mikilvægt að styrkirnir séu gerðir með samstarfssamningum til þriggja ára, svo samtökin þurfi ekki að vera í óvissu á hverju hausti þegar fjárlög eru rædd á Alþingi. Það tryggir að samtökin geti byggt starf sitt á framsýnni hugsun.

3.3. Aukið samstarf og samvinna ungmennafélaga

LUF vill sjá aukið samstarf innan ungmennageirans með það að markmiði að hæfileikar þeirra sem vinna að málefnum ungs fólks fái betur að notið sín. Þegar mörg félög vinna að sömu markmiðunum myndi sameiginlegt starf skila meiri árangri, spara tíma, peninga, nýta mannauð betur en ella og koma í veg fyrir tvíverknað. LUF hefur því vilja til að sameinast Æskulýðsvettvanginum en ítrekar mikilvægi þess að slík regnhlífarsamtök séu lýðræðislega uppbyggð og að aðkoma ungs fólks að ákvarðanatöku sé trygg.

Samþykkt á sambandsþingi 2016. Uppfærð og samþykkt á sambandsþingi 2017.